

Reglur um styrki til nema í leikskólakennarafræðum í Hveragerði

Reglur þessar gilda eingöngu um nema í Hveragerðisbæ sem leggja stund á háskólanám í leikskólakennarafræðum og annaðhvort vinna í leikskólum Hveragerðisbæjar eða hafa áform um að gera það.

Markmiðið með reglunum er að fjölga leikskólakennurum í leikskólum Hveragerðisbæjar þannig að þeir verði 2/3 starfsmanna eins og áskilið er í lögum um leikskóla nr. 90/2008.

1. grein

Styrkhæft nám er:

Diplómanám í leikskólafræðum í háskóla; 120 einingar, bæði staðbundið nám og fjarnám.

Leikskólakennaranám B.Ed 180 einingar bæði staðbundið nám og fjarnám.

Leikskólakennarafræði, M.Ed, 120 einingar (veitir rétt til leyfisbréfs).

Framhaldsnám til M.Ed fyrir starfandi leikskólakennara, 120 einingar.

2. grein

Umsækjandi skal eiga lögheimili í Hveragerði, eða hafa unnið á leikskólum Hveragerðisbæjar samfelld í 2 ár áður en sótt er um styrk. Umsókn um styrk skal berast bæjarráði mánuði fyrir upphaf haust- eða vorannar á þar til gerðu umsóknarblaði sem finna má á heimasíðu Hveragerðisbæjar og hjá leikskólastjórum.

Í umsókninni skulu koma fram nákvæmar upplýsingar um fyrirhugað nám, námstíma og starfsferil umsækjanda. Ber umsækjanda að skila staðfestingu um skólavist með umsókninni eða strax og staðfesting liggur fyrir. Sé umsókn staðfest gera leikskólastjórar sérstakan skriflegan samning við viðkomandi, sem gildir í eitt ár í senn.

3. grein

Stuðningur við nema er fjölþættur og fer eftir því hvort viðkomandi nemi er starfsmaður í leikskólanum eða ekki. Stuðningur er bundinn við að minnst 10ECTS einingar séu teknar á hverri önn.

	Starfsmaður á leikskóla (60% stöðuhlutfall eða meira)	Ekki starfsmaður
Laun í staðbundnum lotum og æfingakennslu í leikskólum.	X	
Eingreiðslur 1.sept. og 1. jan. hvert námsár. *	75.000 í hvort sinn	40.000 í hvort sinn
Aðgangur að tölvukerfum leikskóla Hveragerðisbæjar	X	
Aðgangur að vinnu- og námsaðstöðu í leikskólunum, prentun, ljósritun, interneti og fl.	X	

* Eingreiðslum er ætlað að mæta að einhverju leyti kostnaði sem verður til vegna námsins, svo sem akstri og bókakaupum.

4. grein

Að öllu jöfnu er ekki hægt að njóta stuðnings lengur en sem nemur þeim tíma sem gefinn er upp af viðkomandi skólastofnun sem eðlileg námsframvinna, enda sé árangur með eðlilegum hætti. Tefjist nám vegna sérstakra aðstæðna eða vegna þess að viðkomandi er starfandi í leikskólanum framlengist stuðningurinn. Upplýsingum um námsframvindu hvernar annar skal komið reglulega til leikskólustjóra

5. grein

Styrkþegi skuldbindur sig til að starfa við leikskóla Hveragerðisbæjar í a.m.k. tvö ár eftir að námi lýkur hafi hann verið þar starfsmaður á námstíma en í a.m.k. þrjú ár hafi hann ekki starfað við skólann. Starfshlutfall þarf að vera minnst 75% . Hætti starfsmaður störfum hjá bænum innan áðurnefnds tíma eða ljúki hann ekki námi, hefur Hveragerðisbær heimild til þess að krefjast endurgreiðslu á veittum styrk frá síðasta skólaári nemans.

6. grein

Fjöldi starfsmanna sem nýtur stuðnings til náms í leikskólakennarafræðum ræðst af þörf Hveragerðisbæjar fyrir faglært starfsfólk á leikskólunum á hverjum tíma, og áskilur bæjarráð sér rétt til að hafna umsóknum. Leikskólustjóri getur hafnað nema um starf við leikskólann, sé hann þegar svo mikið mannaður nemum að starfssemin beri ekki forföll þeirra allra.

7. grein

Verði verulegar breytingar á fyrirkomulagi fjarnáms eða á persónulegum högum nema getur bæjarstjóri í umboði bæjarráðs veitt frávík frá reglum þessum.

Bæjarráð úrskurðar í álitamálum sem upp kunna að koma við framkvæmd þessara reglna.